

Fundur mannréttinda- og lýðræðisráðs 28. mars 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata um að hafinn verði undirbúningur að opnun Gagnsjár Reykjavíkur. Með gagnsjá stígi borgin mikilvægt skref að enn ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja til að hafinn verði undirbúningur að opnun Gagnsjár Reykjavíkurborgar. Með Gagnsjá stígi borgin mikilvægt skref að enn ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar.

Gagnsjáin styðji við markmið borgarinnar um að eiga frumkvæði að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa. Gagnsjáin sé þannig hluti af lýðræðis- og samskiptakerfum borgarinnar, stuðli að gagnsæi, bættri þjónustu, upplýsingagjöf og auðveldi borgarbúum að hafa samskipti við borgina, falast eftir ítarlegri upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt, í samræmi við stöðu máls innan borgarkerfisins. Í Gagnsjá verði t.d. á einfaldan hátt hægt að sjá stöðu mála og yfirlit yfir mál hvers kjörins fulltrúa ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Einnig nái Gagnsjá yfir önnur mál borgarinnar sem eru ekki undir trúnaði eða falla undir persónuvernd.

Skrifstofu þjónustu og reksturs verði falið að greina núverandi stöðu og leggja fram drög að útfærslu og mati á því hvernig best verði að verkinu staðið. Einnig leggi skrifstofan mat á kostnaði við verkefnið og dragi upp hugsanlega verk- og tímaáætlun.

Greinargerð:

Framundan er innleiðing nýs skjala- og upplýsingakerfis sem og endurhönnun svokallaðra „minna síðna“ og er því lagt til að samhliða þeirri vinnu verði hafinn undirbúningur að útfærslu Gagnsjár. Þar sem Gagnsjá mun að miklu leyti reiða sig á gögn úr umræddum kerfum og öðrum hliðstæðum kerfum er mikilvægt að tekið verði tillit til framtíðarvirkni Gagnsjár við innleiðingu skjala- og upplýsingakerfisins eftir því sem hægt er. Einnig mun Gagnsjáin krefjast þess að ferlar við umsýslu mála verði endurskoðaðir og því er mikilvægt að hafa virkni hennar við huga í framangreindu innleiðingarferli.

Gagnsjá verður mikilvægur hlekkur í eftirfylgni upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar. Með Gagnsjá tekur borgin frumkvæði að enn ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa sinna. Gagnsjáin nái utan um eða verði hluti af þeim lausnum sem borgin rekur til að auðvelda íbúum samskipti við Reykjavík, að falast eftir ítarlegri upplýsingum, fylgjast með ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt til borgarinnar.

Gagnsjáin nái utan um þau kerfi er miðla upplýsingum eða gögnum um öll opinber mál borgarinnar og gáttir einstaklinga til að fylgjast með fyrirspurnum og öðrum málarekstri sínum hjá borginni. Hægt verði að nota Gagnsjána til að sjá stöðu mála með einföldum og skýrum hætti. Í slíkri upplýsingamiðlun felist leiðbeiningar um hvaða tækifæri borgarbúar hafa til hlutdeildar í ákvarðanatöku miðað við stöðu máls í borgarkerfinu. Einnig auðveldi Gagnsjá íbúum að fylgjast með störfum kjörinna fulltrúa með því að veita yfirlit yfir þau mál sem hver og einn flokkur eða ráð eru að vinna að, stöðu þeirra og afgreiðslu.

Gagnsjáin verði tengd við önnur gagnvirk umræðu- og atkvæðakerfi Reykjavíkurborgar á netinu, þar sem almennir borgarar geti komið með hugmyndir að málum, tjáð skoðanir sínar á málum sem eru í ferli borgarinnar og jafnvel kosið um tiltekin mál. Þannig geta verið margar mismunandi gáttir að Gagnsjánni en hún samtengir þær allar og setur í sameiginlegt samhengi.

Líklegt er að breyta þurfi ferlum varðandi vistun gagna, merkingu þeirra (töggun) og fleira slíkt og því er rétt að huga að slíku við útfærslu tillögunnar.

Ljóst er að uppbygging Gagnsjánnar getur reynst afar flókið og tímafrekt verkefni en hér er lagt til að taka fyrsta skrefið með því að gera ítarlegt mat á núverandi stöðu mála og leggja drög að mögulegum útfærslum verkefnisins.